

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 16. maí 2018
Mnr. 2018020099



ÍSAFJARÐARBÆR

Ósk um breytingu á fjárhagsáætlun

Í fjárhagsáætlun 2018 var gert ráð fyrir að fjármagni til lagfæringa á brautum og viðgerð og nýbygging snjógirðinga samtals kr. 6.500.000, efni og vinna. Áætlanir gerðu ráð fyrir að verkið yrði unnið sumarið 2018. Eftir mjög góðan skíðavetur er staðan sú að tveir af þremur snjósleðum skíðasvæðisins eru ónýtir en mikill tími og fjármunir hafa farið í það að halda þeim gangandi sem að lokum endaði með því að það gekk ekki lengur. Það er álit forstöðumanns að skynsamlegra sé að kaupa ný tæki og fresta lagfæringu brauta um eitt ár.

Tilboð hafa fengist í sleða sem hentar á skíðasvæðið og fjórhjól á beltum sem yrði heilsárstæki fyrir svæðið. Samtals eru þetta kr. 5.737.050 með virðisaukaskatti.

Sleði kr. 2.270.500

Hjól kr. 3.466.550

Hér er óskað eftir því að fjármagn sem áætlað var í lagfæringu brauta og girðinga verði notað til kaupa á snjósleða og fjórhjól á beltum sem hægt er að nota allt árið.

MH